



Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20.06.2013
Tilvísun vor: 07.00

Efni: Athugasemdir Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðrar undirritunar friðlýsingarskilmála vegna friðlands í Þjórsárverum


Með tölvupósti, dags. 19. júní síðastliðinn, barst Landsvirkjun boðskort vegna fyrirhugaðrar undirritunar friðlýsingarskilmála Þjórsárvera föstudaginn 21. júní 2013 kl. 15.00 í Félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Umrætt boðskort kom Landsvirkjun verulega á óvart enda hefur fyrirtækið engar upplýsingar fengið um að til stæði að undirrita umrædda friðlýsingarskilmála.

Með bréfi þessu gerir Landsvirkjun athugasemdir við undirbúning og fyrirætlun um undirritun fyrirhugaðra friðlýsingarskilmála vegna friðlands í Þjórsárverum. Dregur Landsvirkjun mjög í efa að það stjórnsluferli sem málið hefur verið í af hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins svo og Umhverfisstofnunar standist gildandi lög, einkum gildandi náttúruverndarlög nr. 44/1999, lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og meginreglur stjórnslulaga nr. 37/1993.

Í 58. gr. gildandi laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er kveðið á um það hvernig standa skuli að undirbúningi friðlýsingar. Í ákvæðinu kemur fram að Umhverfisstofnun skuli gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir eigendur lands og rétthafa, hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna kunna að eiga að gæta.

Með bréfi Umhverfisstofnunar til Landsvirkjunar dagsettu þann 13. mars 2013 var Landsvirkjun kynnt fyrirhuguð friðlýsing og gefinn kostur á að koma að athugasemdum innan þriggja vikna eða þann 3. apríl 2013. Landsvirkjun sendi inn umsögn með bréfi dagsettu þann 8. apríl 2013 þar sem Landsvirkjun gerði ýmsar athugasemdir og lagðist gegn fyrirhugaðri friðlýsingu. Í umsögn Landsvirkjunar er vakin athygli á hagsmunum fyrirtækisins innan friðlandsins. Frá því að Landsvirkjun skilaði umsögn sinni hefur fyrirtækinu á engan hátt verið kynnt frekari framvinda málsins, hvernig með athugasemdir þess hafi verið farið og hvort eitthvert tillit hafi verið til þeirra tekið.

Í 58. gr. kemur fram að ef samkomulag næst um friðlýsingu skuli málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar. Ef fyrirhugað er að undirrita friðlýsingarskilmála á grundvelli 58. gr. laganna er það skilyrði að samkomulag hafi náðst við landeigendur, sveitarfélög og **aðra hagsmunaaðila** samkvæmt lögnum og greinargerð með frumvarpi að lögnum. Ljóst er að Landsvirkjun er mjög stór hagsmunaaðili í málinu. Landsvirkjun hefur lagst gegn friðlýsingunni og ekki hefur náðst samkomulag við Landsvirkjun sem hagsmunaaðila um málið. Þá er samþykki sveitarfélagsins Skagafjarðar með fyrirvara um að Landsvirkjun geti ráðist í virkjunarframkvæmdir á svæðinu. Því virðist ljóst að skilyrði 58. gr. laganna hafa ekki verið uppfyllt og er málsmeðferð við meðferð og afgreiðslu málsins því ólögmat.



Í 59. gr. laganna er kveðið á um að ef samkomulag næst ekki þá skuli vísa málinu til meðferðar umhverfisráðherra.

- Ráðherra skal þá senda eigendum, hlutaðeigandi sveitarfélögum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta tillögu að friðlýsingu.
- Þá skal enn fremur birta tillöguna með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.
- Þeim sem hagsmuna eiga að gæta skal gefinn þriggja mánaða frestur til að koma að athugasemdum sínum og bótakröfum til ráðherra.
- Að þeim tíma liðnum skal ráðherra taka ákvörðun um hvort af friðlýsingu verður eða ekki.

Af gögnum málsins virðist nokkuð ljóst að ekki er heldur unnið eftir því ferli sem fram kemur í 59. gr. laganna.

Málsmeðferðin sem nú er unnið eftir virðist því hvorki eiga sér stoð í 58. gr. né í 59. gr. laganna. Hún er því að mati Landsvirkjunar ólögmæt.

Landsvirkjun fer fram á að fyrirhugaðri undirritun friðlýsingarskilmála verði frestað í ljósi verulegra annmarka á málsmeðferð. Áskilur Landsvirkjun sér allan rétt til að láta reyna á þær ákvarðanir sem teknar eru í ofangreindu efni með kæru á stjórnarsýslustigi og/eða fyrir dómstólum, verði málinu ekki frestað og meðferð þess og afgreiðsla endurskoðuð.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri